

Búfjárfjöldi og landgæði

Einar Grétarsson, Ólafur Arnalds, Sigmar Metúsalemsson, Björn Traustason og Fanney Ósk Gísladóttir

Landbúnaðarháskóla Íslands, Keldnaholti, Reykjavík

Inngangur



Miklir landkostir eru undirstaða þess að unnt sé að stunda öflugan búrekstur. Gagnagrunnur Nytjaland hefur að geyma yfirgripsmiklar upplýsingar um landgæði, sem voru notaðar til að kanna tengsl milli landstærða og landgæða annars vegar og búfjárfjölda hins vegar. Könnun á slíkum tengslum er dæmi um möguleika til úrvinnslu gagna sem aflað var í Nytjalandi.

Gögn og úrvinnsla

Gagnagrunnur Nytjaland hefur nú að geyma upplýsingar fyrir um 5870 bújarðir auk annarra spildna og landareigna, alls um 7800 jarðir og landskikar. Notaðar voru 2538 jarðir, þar sem skráðar voru heimildir um bústofn. Nautgripir eru ekki hafðir með í þessum útreikningum. Notuð er ærgildi og fjöldi hrossa á hverri jörð (gögn frá 2002). Fjöldi hrossa var margfaldaður með stuðlinum 7 og sú tala lögð við fjöld fjár (ærgildi) til að fá ærgildi fyrir hverja jörð. Við mat á landgæðum var notuð aðferð sem lýst er í grein Sigmars Metúsalemssonar o.fl. (2006). Mikilvægt er að hafa í huga að ekki er tekið tillit til stærða og landgæða á afréttum við þessa útreikninga.

Niðurstöður

Samhengi ærgilda eins og þau eru skilgreind hér að ofan við landgæði og stærð bújarða er sýnd á 1. og 2. mynd. Þegar lítið er til landsins alls, er ekki að sjá samhengi á milli fjölda ærgilda og landgæða. Sjáanlegt er einnig að nokkrar jarðir eru með afar stóran stofn (>1500 ærgildi) en eru þó ekki meðal landstærri jarðanna (eru < 2000 ha). Hins vegar eru margar jarðir sem eru með fá ærgildi og eru með góð landgæði (< 2) og teljast stórar (>2000 ha). Fróðlegt er að skoða þetta samhengi eftir landshlutum (1. tafla). Einvörðungu er miðað við land neðan 400 m hæðar til að undanskilja gróðurvana fjöll og hálendi.




Landshluti	fjöldi jarða	meðal-stærð (ha)	meðal landgæði	meðal fjöldi ærgilda
Vesturland	454	533	2,06	269
Vestfirðir	121	975	2,38	248
Norðvesturland	380	484	1,75	334
Norðausturland	446	707	1,71	209
Austurland	361	713	2,09	244
Suðurland	732	405	1,75	259

1. tafla. Stærðir, landgæði og fjöldi ærgilda eftir landshlutum. Hafa ber í huga að ekki eru allar jarðir landsins eða jarðir í gagnagrunninum í þessu úrtaki, en flestar.

Landgæði í heimalöndum eru samkvæmt þessum útreikningum að meðaltali best á Suðurlandi og Norðvesturlandi, en þarna eru afréttalönd ekki meðtalin. Ærgildin eru flest á Norðvesturlandi. Þar eru einnig vel grónir afréttir og má því ætla að álag sé þar hvað minnst. Athugun fyrir hvern landshluta eins og sýndar eru á 1. og 2. mynd leiddu ekki í ljós samhengi á milli ærgilda og landgæða eða landstærða, nema hugsanlega á Norðvesturlandi. Það kann hins vegar að breytast, séu afréttarlönd tekin með í reikninginn.

Umræða og ályktanir

Það virðast vera allt aðrir þættir en landgæði eða landstærð sem ræður búfjárfjölda á jörðum. Að vísu skekkja afréttir og gæði þeirra þessa mynd, því þá vantar í útreikningana. Þar sem stærðir sem túlka landgæði hér að ofan taka ekki tillit til landstærða er gerð tilraun til að leggja saman landgæðin annars vegar og landstærðir með formúlunni $1 / \text{landgæði} * \text{landstærð}$ til þess að fá eins konar mælikvarða á landkosti (sjá mynd 3). Af 3. mynd er ljóst að landkostir eru víða góðir (góð landgæði og stórar jarðir), miðað við ærgildi; landgæði eru ekki takmarkandi þar sem svo er ástatt (punktar hægra megin á grafinu). Einnig er ljóst að ærgildi eru víða æði mörg miðað við landkosti heimajarða (mörg ærgildi vinstra megin á grafinu), en þar gegnir aðgangur að afréttum í mörgum tilfellum mikilvægu hlutverki. Æskilegt er að þróun landnýtingar sé sem mest í takt við landgæði. Gagnagrunnur Nytjaland hefur mikilvægt tæki sem unnt er að nota í þessum tilgangi.



3. mynd. Tengsl landkosta við ærgildi. Grafið tekur aðeins tillit til bújarða með >100 ærgildi og lands neðan 400 m hæðar.